



# Um samskipti varnarliðsmanna og Íslendinga skulu gilda eftirfarandi reglur.

---

Bjarni Benediktsson – Stjórn­mál – Dómsmálaráðherra – Utanríkisráðherra – Keflavík­urflugvöllur –  
Varnarlið – Íslendingar – Bandaríkjamenn – Reglur – Samskiptareglur - 1954

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórn­málamaðurinn  
Askja 2-14, Örk 10

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um samskipti varnarliðsmanna og Íslendinga skulu  
gilda eftirfarandi reglur:

1. Samningssvæðin skulu girt og fullkomið eftirlit haft með ferðum íslenzkra og bandarískra manna út og inn af svæðunum.
2. Ferðir varnarliðsmanna utan samningssvæða skulu miðast við:
  - a) Nauðsynleg störf í þágu varnarliðsins.
  - b) Skemmti- og fræðsluferðir er verði fyrirfram skipulagðar eins og tíðkast um ferðir erlendra ferðamanna-hópa.
  - c) Heimsóknir einstaklinga til eiginkvenna og venzlanna, enda hafi þeir sérstök vegabréf í því skyni.
3. Ferðir íslendinga til samningssvæðanna skulu miðast við:
  - a) Íslendinga, sem atvinnu sinnar vegna þurfa að hafa aðgang að samningssvæðunum, enda hafi þeir sérstök vegabréf.
  - b) Skemmti- eða fræðsluferðir íslenzkra manna, sem fengnir kunna að verða til að kenna, flytja fyrirlestra, sýna kvikmyndir, syngja o.s.frv. á samkomum varnarliðsmanna.
4. Hafist verði nú þegar handa að skipuleggja samningssvæðin í því skyni að auðvelda framkvæmd þessara reglna.